

Til formanns og varaformanns LEB

Ég undirritaður laganevndarmaður vill koma því á framfæri að ég stend ekki að hluta þeirra breytingartillagna, sem sendar voru stjórn LEB í dag f.h. laganevndarinnar. Nánar tiltekið er ég andvígur breytingum þeim sem meirihluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði á gr. 11.1 og 5.2, en í þeim felst

- a) að aðildarfélögin skuli ekki greiða árgjald vegna félagsmanna eldri en 90 ára, og
- b) að fjöldi landsfundarfulltrúa sem félag á rétt á skuli reiknast út frá fjölda félagsmanna á aldrinum 60-90 ára.

Sér í lagi vara ég við því að þau allra elstu meðal félagsmanna verði með þessum hætti sett til hliðar og ekki talin með þegar fjöldi landsfundarfulltrúa er ákveðinn. Þetta ber keim af því að það eigi að afskrifa elsta fólkið og er að mínu viti fullkomlega óviðeigandi tillaga innan samtaka eldri borgara.

Með kveðju,  
Finnur Birgisson

PS: Þess skal getið til skýringar að ósk mín til formanns nefndarinnar um að þessi afstaða mín kæmi fram í greinargerð með tillögunum barst honum of seint, þ.e. eftir að hann hafði skilað af sér til stjórnar. Því er þessi póstur sendur formanni og varaformanni LEB.